



Stekkjaskóla, 12. apríl 2023

Kæru forráðamenn

Í dag höfum við kennt tíu kennsludaga í nýju húsi og allir hafa aðlagast nýju húsnæði vel og ekki að sjá annað en að nemendum og starfsfólki líði vel í nýjum húsakynnum.

Við höfum lagt mikla rækt við félagsfærnivinnu nemenda í vetur og undanfarið höfum við einnig verið að vinna með ákveðin hugtök/dyggðir. Markmiðið er að vinna með og kynna nemendum okkar þessi hugtök/dyggðir, eitt á viku og bæta þannig skilning þeirra á þessum hugtökum sem við erum oft að nota en þau skilja jafnvel ekki. Við höfum hingað til unnið með hugtökin: Virðing, Þolinmæði og núna er það hugtakið Vinátta. Það væri gaman að foreldrar leggi rækt við þetta heima líka. Framundan eru svo árshátíðir nemenda með tilheyrandi gleði.

Við minnum á að samkvæmt skóladagatali Stekkjaskóla, verður skertur dagur miðvikudaginn 19. apríl og skóla lýkur kl. 11:20 (allir nemendur fá hádegismat fyrir heimferð). Föstudaginn 21. apríl er starfsdagur. Starfsfólk skólans er að fara í náms- og kynnisferð til Varsjár í Póllandi. Við förum m.a. í skólaheimsóknir á fimmtudag og föstudag.

Nánar:

19. apríl: Skertur dagur, kennslu lýkur kl. 11:20. Frístund opnar kl. 13:00 fyrir þá sem eru skráðir þar.

20. apríl: Sumardagurinn fyrsti, frídagur.

21. apríl: Starfsdagur, skólinn lokaður. Bjarkarból er með lengda viðveru þennan dag og hefur nú þegar verið send út skráning vegna þessa.

Kærar kveðjur, stjórnendur og starfsmenn Stekkjaskóla